



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sumarblær með Dvořák

4. júní 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Forleikur: 16'00''

Konsert: 20'00''

Sinfónía: 42'00''

Mynd á kápu:

Margrét Þorsteinsdóttir, fiðla, Þórarinn Már Baldursson, víola, Kathryn Harrison, víola og Roland Hartwell, fiðla.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Sumarblær með Dvořák

Tónleikar í Eldborg 4. júní 2015 » 19:30

Andrew Grams hljómsveitarstjóri

Dúó Harpverk

Katie Buckley harpa

Frank Aarnink slagverk

Hector Berlioz

Lér konungur, forleikur op. 4 (1831)

Stewart Copeland

Poltroons in Paradise (2013)

Hlé

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 6, op. 60 í D-dúr (1880)

Allegro non tanto

Adagio

Scherzo (Furiant), Presto

Finale, Allegro con spirito

Andrew Grams

hljómsveitarstjóri



Andrew Grams fæddist í Marylandfylki í Bandaríkjunum þar sem hann hóf fiðlunám á níunda aldursári. Hann stundaði síðar nám við Juilliard-skólann í New York og lauk bakkalárgráðu í fiðluleik árið 1999. Grams steig sín fyrstu spor sem hljómsveitarstjóri þegar hann stjórnaði Heimshljómsveit ungmenna í Interlochen-sumarbúðunum 17 ára gamall og að loknu námi í Juilliard lá leiðin í Curtis-tónlistarskólann í Filadelfíu þaðan sem hann útskrifaðist sem hljómsveitarstjóri árið 2003.

Frá 2004–2007 starfaði Grams sem aðstoðarhljómsveitarstjóri austurríska hljómsveitarstjórans Franz Welser-Möst hjá Cleveland-hljómsveitinni og hefur verið tíður gestur hennar síðan. Þá hefur hann stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimalands síns, þar á meðal Filadelfíu-hljómsveitinni og sífóníuhljómsveitunum í Chicago, Detroit, Cincinnati, Dallas og Houston. Þá hefur hann verið gestur fjölmargra sífóníuhljómsveita í Kanada, Evrópu, Ástralíu og Nýja Sjálandi. Meðal þessara hljómsveita eru sífóníuhljómsveitirnar í Toronto, Vancouver og Montreal, Þjóðarhljómsveitin í Lyon, BBC-hljómsveitirnar í London og Glasgow, sífóníuhljómsveitirnar í Sydney og Melbourne, Nýsjálenska sífónían, Hollenska útvarpsfilharmónían, Hamborgarsífónían og Oslóar-filharmónían.

Áður en hljómsveitarstjóraferill Grams hófst starfaði hann um árabíl sem fiðluleikari í nokkrum hljómsveitum. Var hann m.a. uppfærslumaður 2. fiðlu í hljómsveit New York City-ballettsins á árunum 2002–2004.

Andrew Grams hefur gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sífóníuhljómsveitarinnar í Elgin, Illinois, síðan haustið 2013. Þegar efnisskrá hljómsveitarinnar fyrir næsta starfsár er skoðuð, sést að hann heldur tryggð við fiðluna og leikur einleik frá stjórnendapallinum á tónleikum í ársbyrjun 2016.

Dúó Harpverk



Dúó Harpverk var stofnað af Katie Buckley hörpuleikara og Frank Aarnink slagverksleikara árið 2007. Markmið dúósins er að panta og flytja tónlist fyrir hörpu og slagverkshljóðfæri. Hefur Harpverk frá upphafi pantað á annað hundrað verk hjá íslenskum sem og erlendum tónskáldum víðsvegar að úr heiminum með áherslu á yngri tónskáld. Verkalistann prýða þó einnig verk þekktara og reyndra tónskálda.

Harpverk hefur komið fram á fjölmörgum tónlistarhátíðum innanlands og utan. Má þar nefna Listahátíð í Reykjavík, Tectonics-tónlistarhátíðina, Myrka Músíkdaga, Iceland Airwaves-hátíðina, Kirkjulistahátíð, Danish OpenDays festival, Icelandic Music Days í Amsterdam og Summartónar Festival í Færeyjum. Harpverk lék einnig á Nordic Cool-tónlistarhátíðinni í Kennedy Center árið 2013. Í janúar 2016 er ferðinni heitið á NJORD-tónlistarhátíðina í Kaupmannahöfn.

Þá hefur dúóið leikið í sumartónleikaröð Sólheima, á nokkrum tónleikum í 15:15 tónleikaröð Norræna hússins og mörgum fleiri tónleikum hér innanlands. Dúó Harpverk hefur gefið út tvo geisladiska; *The Greenhouse Sessions* kom út í apríl 2012 og *Offshoots* síðastliðið haust.

Katie Buckley og Frank Aarnink hafa bæði starfað um árabil í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Frank er ættaður frá hollensku borginni Hengelo sem liggur 130 km. austur af Amsterdam. Hann stundaði nám við Konservatóríið í Amsterdam og lék sem aukamaður með helstu hljómsveitum Hollands áður en hann gekk til liðs við Sinfóníuna árið 2001.

Katie hóf störf hjá Sinfóníuhljómsveitinni árið 2005. Hún er ættuð frá bandarísku borginni Atlanta í Georgíufylki. Katie er með bakkalár- og mastersgráðu í tónlist og lauk einleikaraprófi frá Eastman-tónlistarskólanum í Rochester, New York.

Dúó Harpverk þakkar Hótel Borg, Hótel 1919, Tónastöðinni og Cameron Corbett fyrir veittan stuðning.



Hector Berlioz

Lér konungur

Fyrstu mánuðir ársins 1831 voru viðburðarríkir og stormasamir í ævi Hectors Berlioz (1803–1869). Hann hafði unnið hin eftirsóttu Prix de Rome verðlaun árið áður og dvaldi nú í borginni eilífu (Prix de Rome var styrkur til náms í Róm sem ætlaður var ungum listamönnum og frönsk stjórnvöld veittu árlega frá 1663–1968). Berlioz leið þó ekki vel í Róm og var ástæðan sú að hann var trúlofaður stúlku í París og beið nú milli vonar og ótta eftir að heyra frá henni. Að lokum ákvað hann að snúa aftur til Parísar til að komast að hinu sanna. Leiðin lá um Flórens en þar frétti hann að unnustan, fröken Moke, hefði ákveðið að giftast píanóframleiðandanum Camille Pleyel. Ákvað Berlioz í bræði sinni að flýta för, skjóta þau bæði og senda síðustu kúluna í eigið höfuð en þegar til Nice var komið eftir ríflega 400 km. ferðalag, var Berlioz runnin reiðin. Í sjálfsævisögu sinni segir hann eftirfarandi: „Svo ég lifði og drakk í mig hlýtt og ilmandi loftið í Nice. Lífið og hamingja flæddi móti mér, tónlistin leitaði mig uppi, framtíðin kallaði. Ég dvaldi um mánaðartíma í Nice, ráfaði innan um appelsínutrén, dýfði mér í sjóinn, kúrði í lynginu í hæðum Villefranche og fylgdist með hljóðlátum ferðum skipanna á hafi úti. Ég var algjörlega einn. Ég samdi forleikinn að Lér konungi, ég andaði, ég söng, ég trúði á Guð, ég var heill. Þetta voru þrjár hamingjusömustu vikur lífs míns. Ó, Nice!“

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur nú forleikinn að Lér konungi eftir Berlioz í fyrsta sinn. Hljómsveitin hefur áður leikið fimm af ellefu forleikjum höfundarins, Benvenuto Cellini, Béatrice et Bénédikt, Le Corsaire (Sjóræninginn), Les Troyens à Carthage (Trójumennirnir í Karþagó) og Karnival í Róm. Hefur sá síðastnefndi lang oftast hljómað í meðförum hljómsveitarinnar eða alls 26 sinnum og haustið 2013 í meðförum Ungsveitar SÍ undir stjórn Sakaris.

Í forleiknum dregur Berlioz upp myndir úr harmleik Shakespears um Lér konung sem missir vitið eftir að hafa skipt konungdæminu milli tveggja eldri dætra sinna með hörmulegum afleiðingum.

Forleikurinn var frumfluttur í Konservatóríinu í París 22. desember 1833 en Berlioz stjórnaði honum síðar oft á tónleikaferðalögum sínum um Evrópu.

Stewart Copeland

Poltroons in Paradise



Stewart Copeland fæddist árið 1952 í Alexandríu í Virginíu-fylki en ólst upp í Beirút í Líbanon þar sem hann byrjaði snemma nám í trommuleik og naut hvatningar og aðstoðar föður síns sem var djasstrompetleikari í frístundum. Fjölskyldan flutti til Bretlands um miðjan áttunda áratuginn og 1977 tók Copeland þátt í stofnun þriggja manna hljómsveitar sem fékk nafnið The Police þar sem Sting var innanborðs sem söngvari og bassaleikari. Copeland hafði veg og vanda af útsetningum á fjöldamörgum plötum hljómsveitarinnar og eftir að hún hætti, hélt hann áfram að leika með ýmsum frægum tónlistarmönnum auk þess að hasla sér völl sem sjónvarps- og kvikmyndatónskáld. Á níunda áratugnum hóf hann að reyna fyrir sér á sinfóníska sviðinu og samdi meðal annars ballettónlist við *Lé konung* (1986), *Emilio* (1988), *Prey* (1999) og óperurnar *Holy blood* og *Crescent Moon* (fyrir Óperuhúsið í Cleveland, 1989) og *Horse Opera* (fyrir Channel 4, 1992). Þá ber að nefna hljómsveitarverkið *Celeste* sem var frumflutt á Savannah-tónlistarhátíðinni árið 2008 með fiðluleikarann Daniel Hope í broddi fylkingar og *Gamelan D'Drum*, hljómsveitarverk með indónesísk slagverkshljóðfæri í forgrunni, sem Sinfóníuhljómsveitin í Dallas pantaði og var frumflutt árið 2011.

Poltroons in Paradise var frumflutt í Liverpool í maí á síðastliðnu ári. Verkið er skrifað fyrir pákur og þrjá slagverksleikara sem leika á hin ýmsu slagverkshljóðfæri. Við umritun verksins fyrir Dúó Harpverk naut Copeland dyggjar aðstoðar dúósins og er kadensan þeirra hugsmíð. Hljóðfærin sem Frank leikur á, eru cimbalom (ungverskt þjóðarhljóðfæri), krómatiskar kúabjöllur, klukkubjöllur, trommuset og sög.

Poltroons in Paradise (Heyglar í himnaríki), er saga um börn byltinganna sem láta freistast af því sem þau voru að berjast á móti.

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 6



Segja má, að tékkneska tónskáldið Antonín Dvořák (1841–1904) hafi verið umvafinn tónlist frá blautu barnsbeini en faðir hans, sem var slátrari og veitingamaður, lék á víólu í tómstundum en sneri sér síðar alfarið að hljóðfæraleik. Sex ára gamall byrjaði Dvořák að læra á fiðlu, píanó og orgel og fyrsta tónverkið samdi hann á fimmtánda aldursári.

Að námi loknu vann hann fyrir sér með spilamennsku í danshljómsveitum en síðar varð hann leiðari víóludeildarinnar í hljómsveit Interims leikhússins í Prag sem síðar varð Þjóðleikhús Tékklands. Þjóðernisvitund Tékkna var að vakna á þessum árum, en landið tilheyrði Austurísk-ungverska keisara-dæminu, Habsborgaraveldinu svokallaða, og hér í þessu óperuhúsi fékk hún ríkulega næringu.

Þegar Dvořák stóð á þrítugu voru tónsmíðar hans farnar að vekja verulega athygli. Sagði hann skilið við hljómsveitina og sneri sér alfarið að tónsmíðunum.

Í Vín, sem þá er höfuðborg Habsborgaraveldisins, kynntist hann Jóhannesi Brahms og með þeim tókst mikil vinátta. Fyrir hans atbeina var *Slavnesk rapsódía* Dvořáks nr. 3 flutt á áskrifartónleikum Vínarfílharmóníunnar síðla árs 1879. Stjórnandi hljómsveitarinnar, Hans Richter, hreifst af hæfileikum unga mannsins og bað hann um að semja sinfóníu fyrir hljómsveitina. Dvořák lauk við verkið á tilskildum tíma fyrir frumflutning í desember 1880 en Richter frestaði flutningnum hvað eftir annað. Síðar kom í ljós að frestunin átti sér pólitískar rætur. Var 6. sinfónía Dvořáks að lokum frumflutt af Tékknesku fílharmóníuhljómsveitinni í mars 1881.

Þessi fyrsta af fjórum síðustu og þekktustu sinfóníum Antoníns Dvořák varð fljótt vinsæl víða um lönd. Vínarklassískt yfirbragð fyrsta kafans, undurfagurt og angurvært melódíuflóð þess næsta, fjórlegur bændadans og sveitasælustemning þess þriðja og glæsilegur lokakaflinn heillaði og heillar enn.

Tónlistin á Íslandi

Jean-Pierre Jacquillat stjórnaði flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar á 6. sinfóníu Dvořáks í Háskólabíói í lok október 1981 og er það eini skráði flutningur hljómsveitarinnar á verkinu. Síðustu þrjár sinfóníur tékkneska meistarans hafa aftur á móti frá upphafi verið tíðir gestir á efnisskrám sveitarinnar og trónir sú núnda „Frá nýja heiminum“ í efsta sæti enda hefur hún ásamt 8. sinfóníunni verið vinsæl á landsbyggðartónleikum hljómsveitar allra landsmanna.

Sigurður Ingvi Snorrason

Nærmynd

Einar Jóhannesson



Hvaða hugsanir leita á hljóðfæraleikara eftir 35 ára setu í sinfóníuhljómsveit og ein vika í starfslok? Ég held að fyrst komi í hugann þakklæti fyrir alla þá auðlegð af tónlistarupplifunum sem mér hefur hlotnast. Þetta starf, að sitja kyrr og spila á hljóðfæri, í mínu tilviki klarínnett, og hreyfa lítið nema fingurna í öll þessi ár kann að virðast tilbreytingarlítið í hugum margra.

En heimur tónlistarinnar er veröld sem er hulin en lýkst upp með lifandi tónum, blásnum, stroknum, slegnum eða sungnum, og þegar vel tekst til og allir leggja sig fram og ná hæðum saman þá slær töfrabirtu á tilveruna, jafnt þeirra sem skapa og ekki síður hinna sem njóta. Þetta heitir að næra lífsblómið og er manneskjunni nauðsynlegt.

Minn fyrsti aðalstjórnandi var Jean-Pierre Jacquillat, mikill sjarmör, frábær listamaður og góður vinur sem treysti mér fyrir einleiksverkefnum sem breyttu lífi mínu. Ógleymanleg var Frakklandsferðin á níunda áratugnum þegar ég spilaði Mozartkonsertinn með hljómsveitinni á fljótandi pramma í Nemes. Við vorum klöppuð upp og endurtókum 3. þáttinn en þá voru nótnablöð byrjuð að fjúka út á vatn í kvöldgolunni.

Ég er stoltur af því að hafa átt þátt í því að Finnarnir, Petri og Osmo réðust til starfa og kipptu okkur upp á hærra plan. Starf og rekstur sinfóníuhljómsveitar er stöðug barátta fyrir meiri gæðum. Megi heilög Sesselja efla með okkur baráttukraftinn.

Hljómsveit á tónleikum

4. júní 2015

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Guðný Guðmundsdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður Sigurðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Ásdís Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson
Gunnlaug Torfi Stefánsson
Borgar Magnason

FLAUTA

Martial Nardeau
Melkorka Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nota- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sínfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



Kvennatónleikar Sinfóníunnar

Baráttukonur og brautryðjendur

Fim. 11. júní » 19:30

100
ÁRA | KOSNINGARÉTTUR
KVENNA Á ÍSLANDI

Anna Þorvaldsdóttir *Dreymi*
Jórunn Viðar *Slátta, píanókonsert*
Amy Beach *Gelíska símfónían*

Ligia Amadio *hljómssveitarstjóri*
Ástríður Alda Sigurðardóttir
einleikari

Sinfónían fagnar aldarafmæli kosningaréttar kvenna með sögulegum tónleikum þar sem baráttukonur og brautryðjendur verða í brennidepli. Jórunn Viðar er eitt af höfuðtónskáldum 20. aldar og Amy Beach var fyrsta bandaríska kvéntónskáldið sem átti miklum vinsældum að fagna heima fyrir og í Evrópu. Anna Þorvaldsdóttir

er í fremstu röð yngri tónskálda og hlaut meðal annars Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt, Dreymi.

Einleikari á tónleikunum er Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari og stjórnandi er Ligia Amadio, aðalhljómssveitarstjóri Fílharmoníuhljómssveitar Bogotá í Kólumbíu.



@icelandsymphony

#sinfó